

ÚRKOMA SUÐVESTANLANDS

Markús Á. Einarsson
Veðurstofu Íslands
Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík

INNGANGUR

Hér á eftir verður fjallað um úrkomu suðvestanlands, einkum *breytileika* hennar innan landshlutans. Gerð verður stuttlega grein fyrir þeim úrkomumælingum sem byggt er á og mánaðar- og ársúrkomu 1931-1960 lýst. Sýndur er árlegur meðalfjöldi úrkomudaga og fjöldi úrkomudaga eftir veðurlagi á landinu öllu og í framhaldi af því er breytileiki úrkomu suðvestanlands kannaður fyrir þá flokka veðurlags sem úrkomu er helst að vænta í.

Svæði það sem hér er nefnt *suðvestanlands* nær yfir allt Suðurlandsundirlendið, Reykjanesskaga og þaðan rétt norður fyrir Hvalfjörð. Norðurmörk svæðisins liggja skammt sunnan Langjökuls. Austustu veðurstöðvarnar í uppsveitum sem stuðst er við eru Búrfell og Leirubakki á Landi, og við ströndina Hólmar í Austur-Landeyjum og Vestmannaeyjar.

Óþarft er að fara mörgum orðum um landfræðileg einkenni svæðisins. Vestantil liggur Reykjanessjallgarðurinn frá suðvestri til norðausturs í átt til Langjökuls, en á svæði Þingvallavatns er þó talsverð kvos. Víðast hvar er hæð fjallgarðsins vel innan við 1000 m, víða 500-800 m. Engu að síður hefur hann ótrúlega mikil áhrif á úrkomuna. Austan fjallgarðsins liggur svo víðlent og láglent Suðurlandsundirlendið, þó hækkanði inn til landsins. Við austurmörk svæðisins rís svo mikið hálendissvæði með Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul næst ströndinni.

Svo sem kunnugt er skortir talsvert á að venjulegir úrkomumælar, sem hafa mæliop í 1,5 m hæð frá yfirborði, mæli raunverulegt úrkomumagn.


Mælist úrkoman einkum illa í miklum vindi og þá sérstaklega ef um snjókomu er að ræða. Ekki eru neinar áreiðanlegar leiðréttingar tiltækar og er því hér á eftir fjallað um mælda, óleiðréttu úrkomu *sem alls ekki getur talist sýna rétt úrkomumagn í vatnafræðilegum skilningi*. Hins vegar geta mælingarnar gefið raunhæfa mynd af breytileika úrkomunnar, en það er hér meginviðfangsefnið.

Meginástæða þess að ég tek þetta efni til umfjöllunar er sú að suðvesturhluti Íslands er áhuga-verður vegna mjög breytilegrar úrkomu og er reyndar eini landshlutinn sem hefur upp á svo marga úrkomumælistaði að bjóða að unnt er að gefa þokkalega heildarmynd af þeim breytileika. Verður slík könnun að teljast fróðleg, m.a. í ljósi mikilvægis vatns til vatnsöflunar og sem orkugjafi á svæði þar sem meirihluti þjóðarinnar býr.

ÚRKOMUMÆLINGAR SUÐVESTANLANDS

Á 1. mynd eru merktir inn á kort allir staðir suðvestanlands þar sem reglulegar úrkomumælingar hafa mér vitanlega farið fram í lengri eða skemmri tíma. Úrkomumælistaðirnir eru 54 talsins og á 40 þeirra hafa mælingar staðið í a.m.k. einn áratug og á rúmlega helmingi þeirra í 15-20 ár eða meira. Mælitímabilin eru æði breytileg og eru elstu mælingar frá þriðja áratugnum. Rúmlega helmingur þeirra stöðva sem merktar eru inn eru starfræktar þegar þetta er ritað. Á kortinu eru 8 merki óskyggð. Þar er um að ræða sex staði þar sem mælingar stóðu aðeins í eitt ár eða tæplega það og tvo staði (Heiðmörk, Korpúlfsstaðir) þar sem mælingar eru eingöngu gerðar að sumarlagi. Staðir

með svonefnda úrkomusafnmæla eru ekki merktir inn.



1. MYND. Staðir suðvestanlands þar sem reglulegar úrkomumælingar hafa farið fram í lengri eða skemmri tíma. Óskyggð merki sýna sex staði þar sem aðeins var um mælingar í eitt ár eða tæplega það að ræða og tvo staði þar sem aðeins er mælt að sumarlagi. Brotnar línur eru 300 m hæðarlínur.


Telja má að fjöldi staða suðvestanlands þar sem nokkur vitneskja liggur fyrir um úrkomu sé víðast hvar viðunandi í byggð, enda hafa hvergi á landinu verið starfræktar jafnmargar úrkomustöðvar, þar sem aðeins er mæld úrkoma einu sinni á sólarhring kl. 9 að morgni. Þó má benda á tvö svæði þar sem bæta mætti við stöðvum. Á Vatnsleysuströnd milli Straumsvíkur og Keflavíkurflugvallar þyrfti eina stöð og einnig skortir mælistaði með ströndinni milli Grindavíkur og Eyrbakka, t.d. í Þorlákshöfn, Selvogi eða í Krísuvík. Reyndar voru nýlega gerðar úrkomumælingar í Þorlákshöfn fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur og er vonandi að þær verði teknar upp að nýju. Í Krísuvík voru í eina tíð gerðar úrkomumælingar í eitt ár og þyrfti að hefja þær aftur. Lítið er um úrkomumælingar í fjalllendi þar sem ekki er búseta að staðaldri og eru úrkomumælingar í Hveradölum (1929-1933) og á Kolviðarhóli (ap.-des.1964) í raun þær einu sem unnt er að nefna. Á slíkum svæðum er reynt

að koma upp svonefndum úrkomusafnmælum sem ýmist er mælt í mánaðarlega eða jafnvel aðeins einu sinni á ári. Hér er lítillega stuðst við úrkomusafnmæla frá tveim svæðum, við Hvalvatn og á Bláfjallasvæðinu.

MÁNAÐAR- OG ÁRSÚRKOMA

Í þessum kafla er miðað við meðaltímabilið 1931-1960. Einkum er byggt á 42 veðurstöðvum sem hafa a.m.k. 9 ára mælitímabil, en að auki stuðst við 12 aðrar stöðvar sem skemur hafa starfað.


Eðlilegt er að spurt sé hvort einhver munur sé á úrkomu tímabilsins 1931-1960 og úrkomu síðustu áratuginna. Á 2. mynd má sjá samanburð á meðalársúrkomu 1931-1960 og 1961-1980 fyrir sex veðurstöðvar suðvestanlands, Reykjavík, Hólmur í A-Landeyjum, Hæli, Eyrbakka, Þingvelli og Keflavíkurflugvöll. Sýnir hún að munurinn er lítill. Eru frávikin milli tímabila á stöðvunum sex frá -2,9% í Reykjavík upp í 6,0% á Hæli í Hreppum. Svipuð frávik gilda fyrir allt svæðið með örfáum undantekningum sem að hluta til má skýra með breyttum aðstæðum á mælistað. Rétt er að hafa í huga að mikinn hluta tímabilsins 1931-1960 voru úrkomumælar án vindhlífa. Með vindhlífum hefðu gildi þess tímabils orðið nokkuð hærri.



2. MYND. Meðalársúrcoma 1931-1960 og 1961-1980 í Reykjavík, á Hólmum í A-Landeyjum, Hæli, Eyrbakka, Þingvöllum og Keflavíkurflugvelli.

Vindáttir milli suðurs og austurs eru að jafnaði mestu úrkomuáttir sunnanlands. Suðausturland er því úrkomuríkasta svæði landsins og í kjölfarið kemur suðvesturland. Um breytileika ársúrkomu á Íslandi vísast að öðru leyti til korts Öðdu Báru Sigfúsdóttur (m.a. birt í M.Á.E., 1976).

Breytileiki úrkomu suðvestanlands eftir árstíma er svipaður á öllu svæðinu. Á 3. mynd er sýnd sem dæmi meðalúrkoma 1931-1960 eftir mánuðum í Reykjavík og á Eyrarbakka, þ.e. veðurstöðvum sitt hvorum megin Reykjanesfjallgarðs. Ársúrkoma á Eyrarbakka er 1342 mm eða 67% meiri en í Reykjavík þar sem hún er 805 mm. Engu að síður eru einkennin þau sömu. Vorið, nánar tiltekið *maí* og *júní*, er úrkomuminnsti tími ársins, en haustið og fyrri hluti vetrar votviðrasamastur. Er *október* úrkomumesti mánuðurinn á öllu svæðinu. Þetta er í góðu samræmi við þá staðreynd að loftþrýstingur er að jafnaði hæstur á vorin og lægðir Norður-Atlantshafsins, sem eru helsti úrkomuvaldurinn, aðgerðarlitlar og grunnar. Að vetrarlagi eru lægðirnar aftur á móti bæði tíðar og oft djúpar.



3. MYND. Meðalúrkoma 1931-1960 á Eyrarbakka og í Reykjavík.

Ástæðu þess að úrkoma er mest á haustin og fyrri hluta vetrar má sennilega rekja til þess að lofthiti er hærri haustmánuðina, en í janúar og febrúar er hann nær lágmarki. Á haustin getur loftið því vegna hærri hita innihaldið meira raka-magn sem aftur leiðir til meiri úrkomu.


Úrkomumagn einstaka mánuði er afar breytilegt frá ári til árs. Í mikilli vætutföld getur mánaðarúrkoma orðið tvöföld eða þreföld meðalúrkoma viðkomandi mánaðar. Á hinn bóginn geta komið fyrir mánuðir þegar alls engin úrkoma mælist.

Víkjum þá að korti (4. mynd) sem sýnir meðalársúrkomu suðvestanlands 1931-1960. Tvö atriði einkenna kortið öðru fremur. Annars vegar mikil og breytileg ársúrkoma á svæði Reykjanesfjallgarðsins og hins vegar hversu ársúrkoma er svipuð á öllu Suðurlandsundirlendinu.

Í Reykjavík er ársúrkoma um 800 mm og er það úrkomuminnsta svæði kortsins. Segja má að ströndin við Faxaflóa njóti svonefnds *úrkomu-skugga* fjallanna í austri og suðaustri. Í regnsvæðum lægða sem koma úr suðvestri eða suðri eru SA- og A-áttir ríkjandi. Áveðurs eykur lyfting lofts yfir fjallendið þéttingu raka og þar með myndun úrkomu. Úrkoma nær því hámarki í fjöllumum, en hlémegin fer að draga úr henni, annars vegar vegna þess að í stað lyftingar sígur loft þar fremur og hefur því öflug áhrif, og hins vegar er þá verulegur hluti vatnsins þegar fallinn sem úrkoma.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því hversu ört úrkoma eykst til suðausturs frá Reykjavík í átt til Bláfjalla og Hveradala þar sem ársúrkoman er vel yfir 3000 mm, eða fjórum sinnum meiri en í Reykjavík. Við ákveðnar aðstæður getur þessi munur orðið enn meiri.

Haustið 1962 setti Veðurstofa Íslands upp einfalda úrkomumæla meðfram Suðurlandsvegi frá Árbæ að Litlu kaffistofunni í Svínahrauni og var mælt í þeim í október 1962 og ágúst-október 1963. Reyndist úrkoma á þeim tíma vera 2,67 sinnum meiri í Svínahrauni en við Árbæ. Í einstökum veðrum var um áttfaldan munur að ræða þarna á milli (Flosi Hrafn Sigurðsson, 1964). Áreiðanlega mætti finna dæmi svipuð þessu víða um land nálægt fjöllum, en mælingar skortir því til staðfestingar.



4. MYND. Meðalársúrkoma suðvestanlands 1931-1960 (mm).

Svo aftur sé vikið að kortinu á 4. mynd er það athyglisvert að í Þingvallakvosinni er dálítið lágmarkssvæði úrkomu samanborið við fjallendið umhverfis. Er ársúrkoma við Þingvallavatn 1300-1400 mm.

Fram hefur komið að net úrkomumælistaða á Suðurlandsundirlendinu er sæmilega þétt og er það því vel staðfest með mælingum að ársúrkoma þar er mjög svipuð á öllu svæðinu eða 1000-1200 mm.

Í austurjaðri kortsins í ofanverðri Landssveit og Hreppum sést að ársúrkoman er lægri en 1000 mm og vitað er að lengra til norðausturs á Þjórsár- og Tungnaársvæðunum er ársúrkoma á stöku stað jafnvel innan við 800 mm. Er þarna um að ræða


afar greinilegan úrkomuskugga Mýrdalsjökuls og hálendisins norðan og norðaustan hans. Í suðausturjaðri kortsins austan jafngildislinnu sem merkt er 1400 mm er ekki lagt mat á ársúrkomuna.

ÁRLEGUR FJÖLDI ÚRKOMUDAGA

Hér verður lýst korti sem sýnir árlegan meðalfjölda úrkomudaga á Íslandi 1971-1980 í hundraðshlutum allra daga (5. mynd). Með úrkomudegi er átt við sólarhring frá kl. 9 að morgni til jafnlengdar næsta dag er úrkoma mælist ± 0.1 mm.

Sá er þetta ritar hefur áður birt kort yfir árlegan meðalfjölda úrkomudaga fyrir tímabilið 1970-1979 (M.Á.E., 1983). Hér er tímabilinu breytt í 1971-1980 og auk fyrri gagna stuðst við 8 veðurstöðvar í viðbót. Af þeim sökum m.a. er það kort

sem hér birtist í nokkrum atriðum frábrugðið hinu fyrra þótt megindrættir séu þeir sömu.



5. MYND. Árlegur meðalfjöldi úrkomudaga á Íslandi 1971-1980 í hundraðshlutum allra daga.

Á kortinu (5. mynd) má sjá að suðvesturhluti landsins er að jafnaði með fleiri úrkomudaga en norðanvert landið að annesjum undanskildum, en með heldur færri úrkomudaga en Suðausturland vestan Breiðamerkurjökuls. Suðvestanlands teljast víðast 55-65% allra daga úrkomudagar eða 200-237 dagar á ári. Flestir eru þeir reyndar 252 eða 69% í Vestmannaeyjum, 236 talsins eða 65% á Hólmi austan Reykjavíkur og 233 eða 64% á Eyrarbakka. Yfir 60% er fjöldinn einnig á Reykjaneskaga. Fæstir eru úrkomudagarnir suðvestanlands 172 á ári eða 47% á Meðalfelli, 177 eða 48% við Búrfellsvirkjun og 181 eða 50% á Leirubakka. Má hvað Búrfell og Leirubakka áhrærir greina áhrif Mýrdalsjökuls og hálendis þar fyrir norðan og Esjan á vafalítið sinn þátt í lágu gildi á Meðalfelli.

Athyglisvert er að breytileiki í fjölda úrkomudaga suðvestanlands er af allt annarri stærðargráðu og miklu minni en sá mikli mismunur í úrkomumagni sem fyrr var lýst (4. mynd). Víða er því munur á mældri úrkomu milli stöðva mikill þótt fjöldi úrkomudaga kunni að vera sá sami.

Sé litið á landið í heild sést að mestur er árlegur meðalfjöldi úrkomudaga 60-70% víða við suður-

ströndina, á Reykjanesi, sunnanverðu Snæfellsnesi, við norðvesturströndina og á sunnanverðu hálendinu, þótt þar sé reyndar á litlu að byggja. Minnstur er fjöldinn inn til landsins á norðan- og norðaustanverðu landinu, víðast á bilinu 40-50%. Í innsveitum á Norðausturlandi, innst í Ísafjarðardjúpi og á Barðaströnd finnast gildi innan við 40%.

Víða má greina áhrif hálendis á fjölda úrkomudaga. Í innsveitum norðaustanlands er það Vatnajökull sem augljóslega veldur því að úrkomudagar eru fáir. Einnig má nefna innsveitir á Norðurlandi vestra, einkum í Húnavatnssýslum. Það svæði er í skjóli Langjökuls og Hofsjökuls í SA-áttum og Tröllaskaga og fjalla milli Skagafjarðar og Húnaflóa í NA-áttum sem þar eru tíðar. Við vestanverðan Húnaflóa gætir þessa hins vegar minna, enda teygir greinileg tunga með úrkomudagafjölda 60% sig inn með Ströndum allt inn í Hrutafjörð. Loks má benda á Barðaströnd sem nýtur úrkomuskugga í A-, NA- og N-áttum. Þessi atriði skýrast betur er litið er á kort með fjölda úrkomudaga eftir veðurlagi (7. mynd).


FLOKKUN VEÐURLAGS

Höfundur hefur áður flokkað veðurlag á Íslandi í 8 meginflokka (M.Á.E., 1976). Er sú flokkun þeim takmörkunum háð að hún er ekki gerð á grundvelli tölulegra gagna, heldur er um mat höfundar að ræða. Nokkrir veðurþættir hafa þegar verið greindir eftir veðurlagi samkvæmt þessari flokkun og staðfesta niðurstöður að skýr mörk eru á milli einstakra flokka. Flokkunin ætti því að gefa allglögga mynd af helstu þáttum íslenskrar veðráttu.

Í sex af átta flokkum veðurlags má vænta nokkurrar eða verulegrar úrkomu í einhverjum landshlutum. Þeir flokkar eru (6. mynd):

- SA-átt
- SV- og V-átt
- S-átt með hlýindum
- A-átt
- NA-átt
- N-átt

Á grundvelli þessarar flokkunar voru á fimm ára tímabilinu 1970-1974 valdir heilir sólarhringar frá kl. 9 að morgni til jafnlengdar næsta morgun sem féllu í einhvern framangreindra sex flokka veðurlags (M.Á.E., 1978). Var það m.a. gert í því skyni að kanna fjölda úrkomudaga eftir veðurlagi. Valdir sólarhringar með þessum hætti urðu á bilinu 30-54 nema fyrir S-átt með hlýindum þar sem tilvikin voru aðeins 18 talsins.



6. MYND. Sex flokkar veðurlags sem valda úrkomu í einhverjum landshlutum: a) SA-átt, b) SV- og V-átt, c) S-átt með hlýindum, d) A-átt, e) NA-átt, f) N-átt.

FJÖLDI ÚRKOMUDAGA EFTIR VEÐURLAGI


Höfundur hefur áður birt kort með fjölda úrkomudaga (í hundraðshlutum athugaðra daga) fyrir framangreinda sex flokka (M.Á.E., 1983). Voru kortin byggð á mælingum 76 veðurskeyta- og veðurfarsstöðva á landinu og eru þau sýnd á 7. mynd.

Almennt má segja að kortin staðfesti hversu breytilegur úrkomudagafjöldinn er eftir veðurlagi og hversu ólík dreifing eftir landshlutum í einstökum flokkum veðurlags er þeirri mynd sem kortið með árlegum meðalfjölda sýnir (5. mynd).

Á 7. mynd má sjá að suðvestanlands er fjöldi úrkomudaga á bilinu 80-100% í veðurlagi SA-átt, SV- og V-átt og S-átt með hlýindum. Þó fer fjöldinn undir 80% í SA-átt og S-átt með hlýindum í uppsveitum austantil, þ.e. norðvestan Mýrdalsjökuls, og má rekja það til áhrifa hans og nálæggra fjalla. Oftast er það skilaúrcoma sem fylgir SA-átt. Í SV- og V-átt er yfirleitt um kalda loftmassa að ræða með skúra- eða éljaúrkomu, en í S-átt með hlýindum er oft súld við suðurströndina og síðan fjallaúrcoma þar sem land hækkar.

Í veðurlagi A-átt nær úrkomudagafjöldinn 80% sunnantil á Reykjanesi og í Vestmannaeyjum, en er aðeins 50-60% í innsveitum í skjóli Mýrdalsjökuls og hálendisins þar norður af. Í veðurlagi NA-átt og N-átt er úrkomudagafjöldi suðvestanlands innan við 20% á öllu svæðinu og reyndar víðast hvar minni en 10%.

Af framangreindu leiðir að könnun á úrkomu-magni eftir veðurlagi suðvestanlands má einskorða við þá fjóra flokka veðurlags sem fyrst voru nefndir.



7. MYND. Fjöldi úrkomudaga (í % athugaðra daga) í sex flokkum veðurlags (M.Á.E., 1983). SA-átt (efst til vinstri), SV- og V-átt (efst til hægri), S-átt með hlýindum (miðja til vinstri), A-átt (miðja til hægri), NA-átt (neðst til vinstri), N-átt (neðst til hægri).

ÚRKOMA SUÐVESTANLANDS EFTIR VEÐURLAGI

Í þessum lokakafla verður gerð grein fyrir kortum sem sýna breytileika úrkomu suðvestanlands í þeim fjórum flokkum veðurlags sem úrkomu er helst að vænta í, þ.e. í SA-átt, SV- og V-átt, S-átt með hlýindum og A-átt.

Við gerð kortanna voru notaðar allar veður-skeyta-, veðurfars- og úrkomustöðvar suðvestanlands sem störfuðu árin 1970-1974, en hinir flokk- uðu sólarhringar eru frá þeim tíma eins og fyrr sagði. Samtals voru þetta 40 úrkomumælistaðir.


Þar eð um takmarkaðan og breytilegan fjölda tilvika er að ræða er úrkomumagn hvorki sam- bærilegt milli veðurlagsflokka né við ákveðin tíma- bil, mánuði eða ár. Heppilegt þótti því að reikna mælda úrkomu í hverjum flokki veðurlags *sem hlutfall af úrkomu í Reykjavík*. Skal nú vikið nánar að kortunum.

Á 8. mynd er sýnd úrkoma í SA-átt. Líkist kortið talsvert korti yfir ársúrkomu svæðisins (4. mynd), en þó er þar nokkur munur á. Mjög eindreginn úr- komuskuggi er vegna Mýrdalsjökuls og hálendisins þar fyrir norðan. Er úrkoma í uppsveitum austantil innan við helmingur úrkomu í Reykjavík. Reykja- nesfjallgarðurinn hefur svipuð áhrif og sjá mátti á árskortinu. Dálítið lágmark er við Þingvallavatn.


Í veðurlagi SV- og V-átt breytist myndin talsvert (9. mynd). Athyglisvert er að úrkoma er þá minnst úti við strendur og lægst er gildið á Reykjanesvita. Áhrif fjalllendis koma vel fram. Reykjanesfjall- garðurinn eykur á úrkomuna eins og í SA-áttinni, en til viðbótar kemur nú að úrkomun eykst talsvert á austanverðu Suðurlandsundirlendinu þar sem land fer hækkandi. Á hinn bóginn myndar hálendið vestan og suðvestan Þingvallasvæðisins talsverðan úrkomuskugga sem nær frá Þingvallavatni til aust- urs í Biskupstungur.

Í S-átt með hlýindum (10. mynd) er um að ræða veðurlag í hlýjum loftmassa sem ber hlýtt, raka- mettað loft upp að suðurströnd landsins langt sunnan úr hafi. Það sem fyrst og fremst má lesa úr þessu korti er að áhrif fjalllendis til aukningar úr- komu eru mun meiri í þessu veðurlagi en í þeim tveim flokkum sem áður voru nefndir. Er úrkoma allt að þreföld á fjöllum samanborið við strendur. Jafnvel fremur lítil hækkun lands austantil á svæð- inu virðist hafa sín áhrif. Í þessum flokki voru tilvik fremur fá, 18 sólarhringar, og því varhugavert að túlka kortið í smáatriðum. Benda verður þó á að úrkoma virðist minnka við austurjaðar svæðisins og er reyndar minnst í Vestmannaeyjum af þeim veðurstöðvum sem notaðar eru. Ekki hef ég á þessu einhlíta skýringu, en tel þó líklegt að ástæð- an sé að hluta súa að í þessu veðurlagi er oft hæð eða hæðarhryggur skammt austurundan. Er þá stundum minni úrkoma suðaustanlands, a.m.k. þar sem fjöll auka hana ekki til muna. Vestar er þá vindur oft á tíðum meiri og reyndar stundum stutt í regnsvæði kuldaskila.


Loks má á 11. mynd sjá úrkomu í veðurlagi A- átt. Oftast má í þessu veðurlagi reikna með að mest úrkoma falli á Suðausturlandi og Austfjörð- um. Mýrdalsjökull og hálendið norðan hans mynda síðan úrkomuskugga sem verður til þess að úr- koma minnkar víðast mjög mikið vestan hans. Á því svæði sem hér er til umfjöllunar er úrkoma í A-átt oft verulega mikil nærri ströndinni austantil og á sunnanverðum Reykjaneskaga en tiltölulega lítil til landsins. Má segja að bæði Faxaflásvæðið og innsveitir á Suðurlandi njóti skjóls fjalllendis fyrir úrkomunni enda er hún þar víðast minni en í Reykjavík.




8. MYND.
 Úrkoma suðvestan-
 lands sem hlutfall af
 úrkomu í Reykjavík í
 SA-átt.



9. MYND.
 Úrkoma suðvestan-
 lands sem hlutfall af
 úrkomu í Reykjavík í
 SV- eða V-átt.



10. MYND.
 Úrkoma suðvestan-
 lands sem hlutfall af
 úrkomu í Reykjavík í
 S-átt með hlýindum.



11. MYND.
 Úrkoma suðvestan-
 lands sem hlutfall af
 úrkomu í Reykjavík í
 A-átt.

HEIMILDASKRÁ

Flosi Hrafn Sigurðsson, 1964: *Úrkomumælingar í nágrenni Reykjavíkur. Veðrið*, 1.hefti, 9.árg., Reykjavík.

Flosi Hrafn Sigurðsson og Markús Á. Einarsson, 1979: *Greinargerð um veðurfar vegna skipulags Áslands og Setbergslands í Hafnarfirði*. Veðurstofa Íslands, Reykjavík.

Markús Á. Einarsson, 1976: *Veðurfar á Íslandi*. Iðunn, Reykjavík.

Markús Á. Einarsson, 1978: *Könnun á skiptingu Íslands í veðurspásvæði*. Veðurstofa Íslands, Reykjavík.

Markús Á. Einarsson, 1983: *Breytileiki og einkenni nokkurra veður- þátta eftir veðurlagi á Íslandi*. Veðurstofa Íslands, Reykjavík.

Veðráttan, 1924-1985: *Mánaðar- og ársyfirlit*. Veðurstofa Íslands, Reykjavík.